



Reykjavíkurborg  
Borgarráð  
Ráðhúsinu  
101 - Reykjavík

Reykjavík, 1. september 2019.

### **Efni: Þjóðarleikvangur fyrir frjálsar íþróttir í Laugardal – Greinargerð mannvirkjanefndar FRÍ**

Um leið og Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) þakkar Reykjavíkurborg stuðning og velvilja í garð íþróttta þ.m.t. frjálsíþróttta vill FRÍ í kjölfar erindis dagsett 11.12.2018 ítreka þann vilja FRÍ að hefja umsóknarferli í samræmi við reglugerð nr. 388/2018 um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum sbr. 6. gr. Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar skal umsögn og samþykki sveitarfélags sem á mannvirkni eða ber ábyrgð á því, sbr. 10. gr., fylgja umsókninni. Í reglugerðinni kemur einnig fram að að jafnaði er það aðeins sveitarfélag sem getur verið eigandi þjóðarleikvangs. Þá kemur fram að mennta- og menningarmálaráðherra taki afstöðu til tillögunnar í samráði við það sveitarfélag sem á mannvirkni. Með erindi sínu óskaði FRÍ eftir samþykki Reykjavíkurborgar og umsagnar í samræmi við reglugerðina.

Þá hefur starfshópur FRÍ um þjóðarleikvang nýlega fundað en í honum sitja m.a. fulltrúar Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins með áheyrnarrétt. Á fundinum var kynnt greinargerð mannvirkjanefndar FRÍ m.a. um ástand Laugardalsvallar. Greinargerðin er hjálágt.

Telur FRÍ einsýnt að Reykjavíkurborg hefji nú þegar undirbúning að viðhaldsframkvæmdum á Laugardalsvelli til að tryggja öruggt og heimilt æfinga- og keppnishald á vellinum fyrir frjálsar íþróttir en um leið að taka þátt í verkefni með FRÍ að vinna að þarfagreiningu og rýmisáætlun vegna nýrrar aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir á suðursvæði.

FRÍ ítrekar þó það mikilvægi að ferli þjóðarleikvangs Laugardalsvallar hefjist.

Þá vill FRÍ sérstaklega minnst á að ekki fer saman það yfirgripsmikla tónleikahald sem verið hefur á Laugardalsvelli með mjög löngu og miklu inngrip í starfsemi frjálsíþróttafélaganna í Reykjavík og óæskilegu álagi á keppnisbrautir vallarins.

Stuðningur Reykjavíkurborgar við íþróttastarfsemi er ómetanlegur enda er gildi íþróttta einn af meginstoðum sterks samfélags.

*Með samstarfskveðju*

*Freyr Ólafsson*  
*form. Frjálsíþróttasambands Íslands*

*Hjálágt: Greinargerð mannvirkjanefndar FRÍ um Laugardalsvöll.*